



## Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir starfið frá apríl 2013 til apríl 2014, lesin á aðalfundi félagsins þann 14. apríl 2014 á Snæfoksstöðum.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 61. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur.

Vöxtur trjáa heldur minni en undanfarin ár og er þar um að kenna kaldara sumri en verið hefur síðustu sumur. Tíðarfar var lengst af hagstætt en þó telst verið hafa verið óhagstætt víða um landið norðan- og austanvert og sumarið var það lakasta suðvestanlands frá því árið 2000. Þó er rétt að geta að 2013 var 18. árið í röð þar sem hiti er ofan meðallags í Reykjavík. Júní mánuður var mjög hlýr um landið norðaustanvert en syðra var dauf tíð og úrkomusöm. Að öðru leyti var tíð óhagstæð um landið sunnan- og vestanvert. Þungbúið veður og þrálát úrkoma hélt áfram syðra í ágúst en hagstæðari tíð var á landinu norðaustanverðu. Kalt var í september og tíð óhagstæð. Um miðjan mánuð gerði mikið norðanveður með snjóum nyrðra og nokkrum sköðum.

Aðalfundur 2013 var haldinn 22. apríl í Árvökum, starfsmanna húsnæði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu félagsins. Á fundinum voru venjubundin aðalfundarstörf. Stjórn situr áfram óbreytt, þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um að heppilegra væri að aðalfundir væru síðar en kl 18, þar sem margir væru að vinna fram undir kvöldmat. Einnig var Ólafi Hákonni þakkað fyrir það starf sem hann hefur lagt af hendi við þau fjölmörgu verkefni sem unnið hefur verið að í skóginum. Í fundarhléi var boðið upp á skógarsúpu með skógarsveppum að hætti Snorra ritara, eins og undanfarin ár. Að fundi loknum var farið í skemmuna hjá skógræktarfélagi Árnesinga og hún skoðuð.

Haldnir voru 2 stjórnarfundir á árinu. Þar af einn í vettvangsferð í Hellisskóg þar sem verkefni sumarsins voru skoðuð ásamt þeim tækjum sem fjárfest hafði verið í.

Félagsskráin var yfirfarin og lagfærðar þær breytingar sem orðið hafa frá síðasta ári. Samkvæmt skránni eru um 140 skráðir í félagið. Ekki voru sendir út hefðbundnir greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2014. Borin voru út félagsskírteini sem einnig eru afsláttarkort á vegum Skf. Ísl. Meðfylgjandi voru einnig tveir miðar, einn miði sem hvatti félagsmenn til að greiða félagsgjaldið 1000 kr. beint inn á reikning félagsins. Hinn miðinn var frá Skf.Ísl. þar sem félagsmenn eru



hvattir til að senda inn netföngin sín þannig að hægt sé að senda þeim fréttabréfið Laufblaðið rafvætt.

Í vor var grafinn grunnur skurður í mýrinni vestan við Hellinn til að lækka vatnshæðina í mýrinni og eins til að veita og viðhalda vatni í tjörnum á þurrum sumrum. Byrjað var að grafa við síðustu kröppu beygjuna á veginum upp að Hellinum. Grafið var yfir mýrina og upp hallann um það bil 400 metrum vestan við Hellinn og áfram á bak við Hellisholtið. Neðst í hallanum var búin til 200 fermetra tjörn. Lítil eyja var skilin eftir í miðri tjörninni fyrir fugla.

Tvö vinnukvöld voru haldin í sumar, 28. og 30. maí, félagsmenn mættu og gróðursettu bakkaplöntur og báru áburð á plöntur. Vinnukvöldin voru m.a. auglýst á heimasíðu félagsins [www.hellisskogur.is](http://www.hellisskogur.is) og á dreifimiðum sem bornir voru út af stjórnarmönnum til félagsmanna. Mæting á vinnukvöldin var ágæt. Bæði kvöldin var veður gott, milt og þurr. Gróðursett var í ójarðunnið land milli síðasta hluta vegarins upp að Hellinum og affalsins úr nýju tjörninni vestan við Hellinn. Áburður var borinn jafn óðum á nýgróðursettar plöntur. Boðið var upp á veitingar í Hellinum við lok vinnukvöldanna.



Vinnukvöld í Hellisskógi



Þetta árið var nokkrum tegundum af skógarplöntum plantað í Hellisskógi. Félagið keypti plönturnar af skógarplöntuframleiðendum í Hvammi í Hrunamannahrepp, Sólheimum í Grímsnesi og frá Kvistum í Biskupstungum. Einnig fékkst hluti plantna úr úthlutun frá Skógræktarfélagi Árnesinga. Sjá plöntur í töflu 1.

Tegund	kvæmi	Aldur	Bakkastærð	Framl.	Fjöldi
Skógarfura	Alstahaug	1/0	Fp40	Hvammur	40
Sitkagreni	ÞD x Homer	1/0	Fp40	Kvistar	500
Birki	Reykholt	1/0	Fp40	Kvistar	480
Gráelri	012,013,014	1/0	Fp35	Hvammur	210
Ösp	Brekkan	1/0	Fp35	Sólheimar	105

Tafla 1 sýnir plöntur 2013

**Samtals 1370**

Þegar allt er talið var plantað um 1370 plöntum í Hellisskógi árið 2013.

Í júní fór aftur að bera á óværu í birkiþöðum, sem lýsti sér þannig að þöðin urðu brún að hluta. Þetta var svipað og á síðasta ári. Ekki eru varanlegar skemmdir sjáanlegar, en birkiskógurinn er ansi haustlegur að sjá með sín brúnu þöð i júní.

Grisjað var á nokkrum stöðum í þéttum trjáþyrpingum. Einnig var birki grisjað á nokkrum stöðum þar sem það var að byrja að skemma greni eða furur. Bæði nærri veginum sem liggur niður að vaðinu að Laugarbökkum og eins við hliðið.

Sagað var niður lélegt eldra skjólbelti sem lá í boga stutt frá suðurenda Hellisbrúarinnar, beltíð náði frá stærri göngubrúnni í suðri og inn á veginn upp að Helli í eystri endanum. Skjólbeltinu hafði verið plantað á skurðruðning eftir skotaplóg. Ætlunin er að leggja göngustíg þar á næstu árum. Mikil vinna er framundan í grisjun, en slík vinna er einkum á færi einstaklinga með undirstöðu þekkingu.

Síðastliðið sumar og í byrjun vetrar var verið að skoða og skipuleggja blautar mýrar sunnan og vestan við Hellið. Í febrúar kom svo Böðvar Guðmundsson og kynnti fyrir stjórn hugmyndir að skurðaskipulagi. Tekið var vel í tillögur Böðvars og hann beðin að útfæra þær frekar.



Með aukinni umferð gangandi fólks á stígnum hefur álagið á stígana aukist og viðhald á þeim orðið árlegt. Í sumar voru tveir ungir menn sem störfuðu fyrir skógræktarfélagið í Hellisskógi. Sveitarfélagið Árborg útvegaði félaginu þessa starfskrafta. Voru þeir við störf í tæpa tvo mánuði (júní – júlí) sumarið 2013. Einnig komu nokkrir auka strákar frá sveitarfélaginu dag og dag í Hellisskóg. Helstu verkefni þeirra voru við stígagerð, þar sem borið var í gamla stíga og nýir lagðir. Við akstur malarinnar voru notaðar vélhjólborur sem félagið festi kaup á í vor ásamt kerru. Nýttust börurnar sérastaklega vel í brattlendi og á lengri leiðum. Einnig komu drengirnir að lagfæringu á ræsum, göngubrúum, slætti meðfram göngustígum og á Hellisbrúnni. Bekkir og borð voru fúavarin og lagfærð. Hellirinn var lagfærður og næsta umhverfi hans snyrt. Settir voru niður tveir setbekkir framán við Hellinn. Jarðvegsskipt var og hellulagt fyrir neðan við minnimerkið nokkurra fermetra stétt sem settur var á bekkur fyrir gestir skógarins. Einnig var unnið að almennri skógarumhirðu og að öðrum betrubótum Umsjónarmaður með verkunum og verkstjóri var Ólafur Hákon Guðmundsson.



Þær kanínur sem sést hafa í skóginum síðastliðið ár eru enn í skóginum. Ekki hefur þeim verið eytt eins og vonast hafði verið eftir.

Framkvæmdasvið sveitarfélagsins lét hefла veginn upp að Helli bæði vorið 2013 og nú í apríl. Áhaldahúsið var okkur innan handar og voru þau boðin og búin að koma með traktorsgröfu til að færa til mulning sem notaður var í göngustíga.



Nýbúi í Hellisskógi

Félagið er áfram í samvinnu við nokkra skóla á öllum skólastigum í sveitarfélaginu um að vinna í svokölluðu Grenndarskógarverkefni, þar sem börnum verður kennt að nota náttúruna í auknu mæli til fræðslu á öllum skólastigum. Í haust var farið á Gesthúsasvæðið þar sem leikskólabörn voru aðstoðuð við að stinga upp og flytja sjálfsánar furuplöntur. Plönturnar voru

20-30 cm. háar og voru fluttar á opið svæði rétt hjá því svæði sem þær voru stungnar upp á.

Sótt var um styrk til sveitarfélagsins Árborgar fyrir starsárið 2014, einnig var sótt um auka fjárveitingu til vegagerðar í Hellisskógi á árinu. Félagið fékk fljótlega velyrði fyrir hefðbundnum styrk. Í janúar kom svo velyrði fyrir auknu fjármagni í vegagerð, 1 milljón árið 2014 og 1 milljón árið 2015.

Í mars 2014 var haldinn tveggja daga fagráðstefna í skógrækt á Selfossi. Að ráðstefnunni stóðu fagstofnanir í skógrækt og helstu skógræktendur í landinu. Seinnipart fyrri dagsins var boðið upp á skógargöngu í Hellisskóg. Gengið var frá Hótel Selfossi og komið við heima hjá Birni B Jónssyni. Við minnismerkið bauð formaður gesti velkomna í Hellisskóg og sagði frá skóginum. Síðan var gengið upp í Helli þar sem Ólafur Hákon hafði komið fyrir veitingum og lagað ketilkaffi. Veitingarnar voru í boði félagsins. Snorri Sigurfinnsson sagði sögur af svæðinu, einnig draugasögur og tilurð Hellisbrúarinnar. Leiðinda veður var, rok og slydda, því var kærkomið að hafa veitingarnar inni í Hellinum. Um 70-80 manns mættu í Hellisskóg.



Sveitarfélagið Árborg hefur haft samband við félagið og lýst yfir áhuga á að fá að stinga upp tré í Hellisskógi í vor og flytja inn í sveitafélagið. Tekið var vel í þessa málaleitan. Búið er að merkja nokkur tré nærri veginum sem liggur að vaðinu að Laugarbökkum.

Fjölmarginir hópar leggja leið sína í Hellisskóg á hverju ári og er þá Hellirinn vinsæll áningarstaður þessara hópa sem ganga oftast vel um.

Leyndardómar Suðurlands voru haldnir nú í vor um allt Suðurland undir forystu SASS. Miðvikudaginn 2. apríl kl 17:30 bauð félagið upp á göngu um Hellisskóg. Um 15 manns mættu í mildu vorveðri. Formaður leiddi klukkustundar göngu um næsta nágrenni trjásafnsins og gengið var m.a. út í reit Lionsmanna og til baka. Gerð voru nokkur stutt stopp á leiðinni og sagt frá mörgu sem fyrir augu bar á leiðinni.

Í apríl var send inn rafræn umsókn til Vegagerðar ríkisins um styrk til vegagerðar á vegi inn í Helliskóg af Biskupstungnabraut.

Um miðjan apríl var skrifað undir samning við sveitarfélagið Árborg um styrk til aukinnar vegagerðar í Helliskógi 2014 og 2015.



Á komandi ári verði helstu verkefni eins og undanfarinn ár vegagerð, stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar.

Núverandi stjórn þakkar félagsmönnum, Sveitarfélaginu Árborg, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi, samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í uppbyggingu og ræktarstarfinu.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss, Björgvin Örn Eggertsson<sup>2</sup>, formaður.

*Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson<sup>1</sup> ritari, Örn Óskarsson<sup>1</sup> gjaldkeri, Hermann Ólafsson<sup>2</sup> og Ólafur H. Guðmundsson<sup>1</sup> varamenn.*

<sup>1</sup> Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn.<sup>2</sup> Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.

Ljósmyndir í skýrslu; Björgvin Örn Eggertsson og Örn Óskarsson.